

Stjórnarfundur TSÍ 11.12.2007

Mættir voru : Skjöldur, Raj, Jónas, Ingólfur, Gunnar

+ Rætt var andlát Jóns Gunnars Grjetarssonar meðlims stjórnar Tennissambands Íslands til 10 ára. Mikill söknuður er á meðal stjórnarmanna vegna fráfalls hans. Skjöldur sagði frá nýlegum formannafundi þar sem Jón Gunnar var heiðraður. Sló hann þar á léttu strengi þótt öllum væri ljóst að þar fór mikið veikur maður. Skjöldur hafði samband við ÍSÍ sem mun senda fána í Víðistaðakirkju þar sem jarðarför Jóns Gunnars mun fara fram. Einnig mun hann biðja prestinn um að flytja kveðju frá TSÍ og íslenskri tennishreyfingu í heild sinni. Skjöldur skrifaði minningargrein fyrir hönd TSÍ sem mönnum fannst mjög góð og lýsandi.

Skjöldur ræddi við Önnu, eiginkonu Jóns Gunnars um að heiðra hann fyrir vel unnin störf í þágu tennishreyfingarinnar og 10 ára störf í stjórn TSÍ. Það mun gert síðar og mun Anna ásamt Andra Jónssyni taka við viðurkenningunni. Raj ætlar að sjá til þess að blóm verði send í kirkjuna frá tennissambandinu.

Rætt var um að Andri þurfi ekki að spila um landsliðssæti vegna Davis Cup keppni sem framundan er og ætlar Raj að skila því til hans. Einnig var rætt um að styðja við bakið á Andra eins mikið og mögulegt er. Hugmynd var að finna mynd af þeim feðgum og færa Andra með hlýjum orðum. Hugmyndinni var vel tekið og mun Raj skoða það mál.

+ Raj og Mia munu taka að sér landslið karla og kvenna á Davis Cup og Fed Cup.

+ Raj taldi upp þá sem keppa munu um landsliðssæti í næstu Davis Cup keppni. Þar á meðal eru Teitur, Kári, Gunnar Einars, Eiríkur, Birkir og Magnús. Arnar Sig. og Andri munu verða í liðinu en Jón Axel fær auðvitað tækifæri til að komast í liðið. Aðrir voru ekki nefndir í svipinn.

+ Tennisfólk ársins 2007 verða Arnar Sigurðsson og Soumia Islami

+ Jónas kynnti bréf sem Tennisfélagi Kópavogs barst frá lögfræðingi Raj. Sigurður Þorsteinsson formaður TFK óskaði eftir því að málið yrði kynnt á fundi TSÍ og taldi ekki heppilegt að samskipti tennisfólks á Íslandi væru með þessum hætti. Málið var rætt en menn voru ekki sammála um að erindið eigi inn á borð TSÍ því það sé á milli Raj og TFK. Málið samt bókað.

Skjöldur mun boða næsta fund.

Gunnar Finnbjörnsson ritari

